



## Minnisblað um akstur fyrir skóla, frístundir og íþróttir.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í innviðum sveitarfélagsins í framhaldi af því að tekin var ákvörðun um að Þjórsárskóli yrðir heildstæður grunnskóli 1.-10. bekk frá og með haustinu 2026. Aðstaða í skólanum hefur verið bætt, í kjallara Þjórsárskóla hefur ný félagsmiðstöð og fáblab verið tekið í notkun. Einnig hafa endurbætur í Skeiðalaug ásamt nýrri líkamsræktar aðstöðu aukið möguleika til heilsueflingar.

Eitt af markmiðum þessara breytinga var að leggja grunninn að heilstæðu skóla, frístunda- og íþróttastarfi í sveitarfélaginu. Með því móti verði hægt að tryggja samfellu í skólaakstri við frístunda- og íþróttastarf og þannig dregið verulega úr akstri foreldra í frístunda- og íþróttastarf.

Hefja þarf samtal við foreldra um framtíðar fyrirkomulag á skólaakstri frá og með haustinu 2026 og hvort vilji sé til þess að heimakstur úr skóla verði seinkað fram yfir frístunda og íþróttastarf, sem þá verður hægt að skipuleggja í beinu framhaldi af skólastarfi.

Með tilkomu á auknu íþróttastarfi ásamt starfsemi í félagsmiðstöðinni Zstart er nauðsynlegt að bæta við akstri milli Árnes og Brautarholts eftir íþróttir, en einnig í félagsmiðstöðina Zstart strax í janúar 2026. Það er vilji sveitarstjórnar að leitast verði eftir því með fremsta megni að samræma skóla og frístundastarf og að akstur eftir skóla/frístundastarf verði með þeim hætti að auka samfellu í þessu starfi og spara foreldrum akstur.

Setja þurfi á fót vinnuhóp með sveitarstjóra, skólastjóra Þjórsárskóla, formanni skólanefndar, forstöðumanni Zstart og ungmennafélögunum til þess að samrýma starfið og akstur fyrir skóla, frístundir og íþróttir. Vinnuhópi verði falið að koma með tillögur fyrir fund sveitarstjórnar þann 21. janúar 2026.